

Fimmtudaginn 24. september 1981.

Nr. 3/1981. **Bandalag háskólamanna fyrir hönd
Hins íslenska kennarafélags vegna
Sigurðar Guðna Sigurðssonar og
Baldurs Ólafssonar**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Fjármálaráðherra fyrir hönd
ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kjarasamningar. Fargjald. Dagpeningar. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóm 15. þ.m., er höfðað með stefnu 1. júlí 1981.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna fyrir hönd Hins íslenska kennarafélags vegna Sigurðar Guðna Sigurðssonar og Baldurs Ólafssonar.

Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði að Sigurður Guðni Sigurðsson og Baldur Ólafsson eigi rétt á greiðslu fargjalda og dagpeninga skv. gr. 2.4. í sérkjarasamningi (kjaradómi) Hins íslenska kennarafélags og fjármálaráðherra sem gildir frá 1. marz 1980 til 28. febrúar 1982, meðan þeir sækja námskeið í uppeldis- og kennslufræðum haldin í Reykjavík á gildistíma samningsins. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafa gerð um sýknu af kröfum stefnanda og um málskostnað úr hendi hans að mati dómsins, en til vara að málskostnaður verði felldur niður.

Sigurður Guðni Sigurðsson er bóknámskennari við Fjölbrautarskólann á Akranesi og Baldur Ólafsson verknámskennari við sama skóla. Þeir eru félagar í Hinu íslenska kennarafélagi, sem er aðili að Bandalagi háskólamanna. Báðir hafa þeir sótt námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, Sigurður Guðni við Háskóla Íslands, en Baldur við Kennaraháskóla Íslands. Námskeiðinu við Háskólann

var svo hagað, að fyrsti þáttur þess, þrjár vikur, fór fram í ágúst 1980, næsti þáttur var vikutíma um páskana s.l. og síðasti þáttur frá 1. júní til 17. júlí s.l. Námskeiðið við Kennaraháskólann var fyrst vikutími í janúar s.l., næsti þáttur stóð yfir frá 25. maí til 17. júlí, næsti þáttur í vikutíma í ágústmánuði og loks er gert ráð fyrir framhaldi á árinu 1982.

Mál þetta er risið af ágreiningi um það, hvort ríkissjóði beri að greiða þeim Sigurði Guðna og Baldri ferðakostnað og dagpeninga meðan á námskeiðum þessum stendur.

Um félagsmenn í Hinu íslenska kennarafélagi er í gildi sérkjara-samningur sem Kjaradómur ákvað hinn 18. apríl 1980 og gildir fyrir tímabilið 1. apríl 1980 til febrúarloka 1982. Í máli þessu reynir á skilning á 2. grein sérkjarasamnings þessa, en hún hljóðar svo:

„2. *Stigamat.*

- 2.1. Stig þau fyrir menntun og kennslustörf, sem um ræðir í gr. 1.2., 1.3. og 1.6. þessa samnings, getur kennari áunnið sér sem hér segir.
- 2.2. Hvert fullt námsár í námi, sem viðurkennt er af Menntamálaráðuneytinu, gefur 10 stig sé það á skólastigi neðan stúdentsprófs eða kennaraprófs frá Kennaraskóla Íslands, en 15 stig tvö fyrstu ár að loknum þeim prófum (þ.e. á háskólastigi) og 20 stig á ári næstu tvö árin þar á eftir, og síðan 25 stig á ári.
- 2.3. Próf í uppeldis- og kennslufræðum er metið til 20 stiga.
- 2.4. Á námskeiðum, sem menntamálaráðuneytið gengst fyrir og/eða staðfestir að meta beri til stiga skv. samningi þessum, skal meta 20 námskeiðsstundir sem 1 stig samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins. Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði, svo og fargjöld að og frá námskeiðsstað og að auki $\frac{2}{3}$ hluta dagpeninga ríkisstarfsmanna í ferðalögum innanlands, sé kennurum, sem gista þurfa á námskeiðsstað, ekki séð fyrir gistingu og fæði með öðrum hætti.
- 2.5. Hvert kennsluár með fullum launum í gagnfræða- og framhaldsskólum, svo og skólum þeim sem samningur þessi tekur til, telst 4 stig.“

Stefnandi reisir kröfur sínar á 4. lið í grein þessari, enda séu námskeið þau í uppeldis- og kennslufræðum, sem Sigurður Guðni Sigurðsson og Baldur Ólafsson hafa sótt haldin að tilhlutan menntamálaráðu-

neytisins, og eigi þeir því rétt á ferðakostnaði og dagpeningum samkvæmt ákvæði þessu. Stefnandi bendir á að kennarar hafi átt þennan rétt síðan 1970, sbr. 13. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra og Kjararáðs BSRB frá 19. des. 1970, og ákvæði sem er algerlega samhljóða gr. 2.4. hafi verið í gildi síðan 1974. Um síðustu áramót hafi fjármálaráðuneytið tekið upp þá stefnu að neita að greiða utanbæjarmönnum dagpeninga og ferðakostnað vegna námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum, en fram til þess tíma hafi slíkur kostnaður verið greiddur, í fyrsta skipti vegna námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum, sem fram fór á árinu 1971. Samningabóf hafi ekki borið árangur að öðru leyti en því að ráðuneytið hafi af tillitssemi greitt uppihalds og ferðakostnað vegna þess hluta námskeiðsins, sem fram fór á árinu 1980.

Stefnandi vísar að rökum þeim, sem menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa fært fyrir greiðslusynjuninni, en þau rök koma fram í málsútlitun stefnda, sbr. hér á eftir. Stefnandi bendir á að ekkert sé um það sagt í sérkjarasamningnum, að um endurmenntunarnámskeið þurfi að vera að ræða, enda sé hugtakið endurmenntun nokkuð laust í reipunum. Eigi sé heldur neinn stafur fyrir því í samningnum, að gerður skuli greinarmunur á námskeiðum, eftir því hvort hægt sé að tileinka sér námsefnið í reglubundnum kennslustofnunum eða ekki. Þá eigi það ekki að skipta neinu máli um greiðsluskylduna þótt ákveðið stigamat sé í samningum um uppeldis- og kennslufræði. Stefnandi bendir loks á að ákvæðin um greiðslu gisti- og ferðakostnaðar eigi að vera kennurum hvatning til þess að afla sér fullra kennsluréttinda.

Af hálfu stefnda er kröfum stefnanda mótmælt á þeim grundvelli að ákvæði gr. 2.4. um greiðslu ferðakostnaðar og dagpeninga eigi ekki við um námskeið í uppeldis- og kennslufræðum. Náð þetta sé hluti af grunnmenntun kennara, enda sé skv. 2. gr. 1. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra skilyrði að umsækjandi um kennarastöðu við grunnskóla eða framhaldsskóla hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum, til þess að hann verði skipaður kennari. Reglan í gr. 2.4. sé miðuð við endurmenntunarnámskeið en ekki við kennslustarfsemi, sem komið er á í því skyni að starfandi kennarar sem ekki uppfylla ákvæði laga um embættisgengi nái að fullnægja þeim. Náð þetta sé einnig í boði í reglubundnu starfi kennslustofnana, og rök séu

ekki til þess að um þátttöku í því gildi sérreglur, þótt það sé skipulagt með tilliti til þess að starfandi kennarar eigi kost á að ljúka því án þess að gera hlé á launuðum kennarastörfum.

Stefndi heldur því fram að í 2. gr. kjarasamningsins sé nám kennara flokkað í tvennt. Annars vegar reglubundið nám, sem að öllu jöfnu fari fram í heilum skólaárum og sé mælt og metið sem slíkt. Um þetta fjalli gr. 2.2., þ.e. um fagmenntunina, og 2.3. um uppeldis- og kennslufræðin. Hins vegar séu námskeiðin, þ.e. stuttir námskaflar, sem ljúki yfirleitt ekki með prófi og veiti ekki réttindi, þótt þau geti gefið þeim, sem þau sækja aukin stig er leitt geti til launahækkunar. Gr. 2.4. eigi við námskeið þessi.

Stefndi bendir á að fjármálaráðuneytið hafi ákveðið að greiða þeim kennurum sem sóttu námskeið í uppeldis- og kennslufræðum á árinu 1980 ferða- og dvalarkostnað, vegna þess að ástæða hafi þótt til að ætla að þeir hafi talið sig eiga rétt á slíkum greiðslum. Ráðstöfun þessi feli ekki í sér neina viðurkenningu ráðuneytisins á því að slíkar greiðslur verði inntar af höndum framvegis. Sama sé að segja um þá ákvörðun að greiða þátttakendum í námskeiði í uppeldis- og kennslufræðum á árunum 1977 og 1978 ferðakostnað og dagpeninga. Sú ráðstöfun hafi tengzt bókun í þágildandi kjarasamningi varðandi fjárveitingu til endurmenntunarnámskeiða á samningstímabilinu, en bókun þessi hafi verið felld niður í síðari samningum, og þar með skylda til greiðslu dag- og ferðapeninga, hafi hún nokkur tíma verið fyrir hendi.

Álit dómsins.

Í gr. 2.4. í umræddum kjarasamningi segir afdráttarlaust að í sambandi við námskeið sem menntamálaráðuneytið gengst fyrir og meta beri til stiga samkvæmt samningum, skuli stefndi greiða þátttakendum fargjöld og dagpeninga. Ekki verður séð að ákvæði þetta né önnur ákvæði samningsins undanskilji í þessu sambandi námskeið, sem þannig er efnt til í uppeldis- og kennslufræðum. Ákvæði gr. 2.4. fjallar að vísu einnig um, hvernig meta skuli námskeið til stiga og tekur það ekki til uppeldis- og kennslufræða, þar sem gr. 2.3. ákveður stig fyrir próf í þeim fræðum. Af því þykir þó ekki verða leidd sú ályktun, að eigi skuli greiða þátttakendum í slíkum námskeiðum ferða- og upphaldskostnað.

Enda þótt fallist verði á þá skoðun stefnda, að menntun í uppeldis- og kennslufræðum sé hluti af grunnmenntun kennara, þ.e. þeirri

menntun sem þeir verða að hafa til þess að eiga rétt á skipun í kennara-starf, og að óeðlileg mismunun komi fram í því að greiða þeim mönnum kostnað, sem afla sér þessarar menntunar á námskeiðum, en ekki þeim sem það gera í reglulegu skólanámi, þykja ákvæði sérkjara-samningsins ekki renna stoðum undir þær kröfur stefnda, að námskeið í umræddum fræðum séu undanskilin að því er varðar greiðslu ferða- og uppihaldskostnaðar í þeim. Hefði það þurft að koma skýrt fram í samningnum, ef sú hefði verið ætlunin.

Samkvæmt þessu þykir eiga að taka til greina kröfur stefnanda um rétt þeirra Sigurðar Guðna Sigurðssonar og Baldurs Ólafssonar til ferðakostnaðar og dagpeninga meðan þeir sækja námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason og Jónatan Þórmundsson.

D ó m s o r ð:

Sigurður Guðni Sigurðsson og Baldur Ólafsson eiga rétt til þess að fá greiddan ferðakostnað og dagpeninga samkvæmt gr. 2.4. í sérkjarasamningi Hins íslenska kennarafélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs ákveðnum af Kjaradómi 18. apríl 1980, meðan þeir sækja námskeið í uppeldis- og kennslufræðum á gildistíma samningsins.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þorsteins Thorarensen og Ragnars H. Hall.

Úrlausn máls þessa veltur á skýringu ákvæða 2. gr. sérkjarasamnings Hins íslenska kennarafélags og fjármálaráðherra, skv. dómi Kjaradóms, uppkveðnum 18. apríl 1980, sér í lagi greinarliða 2.3. og 2.4.

Í greinarlið 2.4. er gert ráð fyrir að haldin séu námskeið að tilhlutan menntamálaráðuneytisins. Námskeið þessi geta vitaskuld fjallað um margvísleg fræði, og eru þau nefnd viðbótarnám í greinarlið 1.3.

Þátttaka í þessum námskeiðum er skv. greinarlið 2.4. metin til stiga, er mæla laun skv. 1. gr., en ekki verður séð að það skilyrði sé sett að

námskeiði skuli ljúka með prófi svo þátttaka gefi stig skv. fyrrnefndum greinarlið.

Greinarliður 2.4. hefur að því leyti sérstöðu meðal ákvæða 2. gr. að stefndi skal greiða þátttakendum á námskeiðum, er undir þann lið falla, dagpeninga og ferðakostnað, samkvæmt nánari reglum er þar getur.

Um námskeið í uppeldis- og kennslufræðum er þess að geta að skv. 2. gr. laga nr. 51/1978 er próf í þessum fræðum skilyrði til starfsréttinda kennara, engu síður en hið almenna nám, sem metið er til stiga skv. greinarlið 2.2. Verður þátttaka í námskeiði í uppeldis- og kennslufræðum því ekki talin til viðbótarnáms.

Próf í þessum greinum er skv. greinarlið 2.4. metið til 10 stiga við launaákvörðun.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, fer um nám í uppeldis- og kennslufræðum eftir allt öðrum reglum en gilda um námskeið þau er greinarliður 2.4. tekur almennt til. Verður að telja að af því leiði að ákvæðum þessa greinarliðar um greiðslu ferðakostnaðar og dagpeninga verði ekki beitt varðandi nám í uppeldis- og kennslufræðum.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður verði látinn falla niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnanda Bandalags Háskólamanna f.h. Hins íslenska kennarafélags vegna Sigurðar Guðna Sigurðssonar og Baldurs Ólafssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.